

# Hyundai Bluelink Europe

## Persónuverndaryfirlýsing – Bluelink

Útgáfa: 20.05.2021

### 1. Um hvað fjallar þessi persónuverndaryfirlýsing?

Í þessari persónuverndaryfirlýsingu („**Persónuverndaryfirlýsing**“) greinum við frá söfnun og vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við afhendingu á Bluelink-þjónustu Hyundai („**þjónusta**“) í upplýsinga- og afþreyingarkerfi bílsins (það er stjórneining bílsins) og Hyundai Bluelink-forritinu („**Forrit**“) til þín.

Við tökum friðhelgi þína mjög alvarlega og vinnum aðeins úr persónuupplýsingum þínum í samræmi við viðeigandi gagnaverndar- og persónuverndarlög.

Hvers kyns vinnsla á persónuupplýsingum þínum vegna skráningar viðkomandi Bluelink-reiknings (þ.m.t. persónuupplýsingum eins og nafni þínu, netfangi þínu, fæðingardegi þínum og -ári og snjallsímanúmeri þínu) fellur undir sérstaka persónuverndaryfirlýsingu.

### 2. Hver ber ábyrgð á vinnslu persónuupplýsinganna minna?

Hyundai BL ehf., lögaðili í/á Íslandi með fyrirtækjaskráarnúmerið 630211-0500 og opinbert aðsetur fyrirtækis í Kauptúni 1, 210 Garðabær („**Dreifingaraðili**“) ber ábyrgð á vinnslu persónuupplýsinga þinna í tengslum við veitingu þjónustunnar eins og lýst er í þessari persónuverndaryfirlýsingu. Dreifingaraðilinn er rekstraraðili þjónustunnar gagnvart þér á meðan dreifingaraðilinn starfar sem sameiginlegur ábyrgðaraðili ásamt Hyundai Motor Europe GmbH, með skráða skrifstofu í Kaiserleipromenade 5, 63067 Offenbach, Þýskalandi („**Hyundai**“). Dreifingaraðilinn og Hyundai verða hér á eftir nefnd „við“, „okkur“ eða „okkar“.

Dreifingaraðilinn útvegar þér leiðbeiningar, t.d. með því að veita stoðþjónustu þegar þú notar þjónustuna á virkan hátt en Hyundai mun stýra afhendingu á forritinu og þeirri þjónustu sem liggur að baki því á rekstrarlegum og tæknilegum vettvangi. Bæði Hyundai BL ehf. og Hyundai kunna að nota persónuupplýsingar þínar í frekari tilgangi eins og lýst er hér að neðan. Dreifingaraðili skal vera tengiliður fyrir hverja beiðni frá skráðum einstaklingi varðandi vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við þjónustuna. Hins vegar skal skráður einstaklingur áfram eiga rétt á að nýta rétt sinn skv. almennu persónuverndarreglugerðinni (GDPR) og innlendum gagnaverndarlögum að því er varðar og gagnvart hvorum ábyrgðaraðila um sig.

Nánari upplýsingar um fyrirtæki hvers dreifingaraðila er hægt að nálgast á vefsíðu viðkomandi dreifingaraðila sem finna má á [www.hyundai.is](http://www.hyundai.is).

Hyundai og dreifingaraðili gera samning um vinnslu persónuupplýsinga. Ef eftir því er leitað upplýsingar dreifingaraðili þig um kjarna slíks samnings.

### 3. Hvernig get ég haft samband við ábyrgðaraðila gagna og gagnaverndarfulltrúann?

- 3.1. Ef þú ert með einhverjar spurningar um eða í tengslum við þessa persónuverndaryfirlýsingu eða réttindi þín geturðu haft samband við þjónustuver dreifingaraðilans. Þú finnur viðkomandi samskiptaupplýsingar í [www.hyundai.is/hafa-samband/fyrirspurn](http://www.hyundai.is/hafa-samband/fyrirspurn). Einnig er hægt að hafa samband við Hyundai með tölvupósti á [dataprotection@hyundai-europe.com](mailto:dataprotection@hyundai-europe.com).
- 3.2. Þú getur líka haft samband við gagnaverndarfulltrúa dreifingaraðilans með því að nota samskiptaupplýsingarnar sem finna má á [gudrunh@hyundai.is](mailto:gudrunh@hyundai.is) og með almennum pósti

Guðrún Erna Hafsteinsdóttir, Kauptún 1, 210 Garðabær. Einnig er hægt að hafa samband við gagnaverndarfulltrúa Hyundai í:

Netfang: [DPO-hyundai-europe@steep.de](mailto:DPO-hyundai-europe@steep.de)

Almennur póstur: Data Protection Officer of Hyundai Motor Europe GmbH

steep GmbH

Justus-von-Liebig-Str. 18

D-53121 Bonn

**4. Úr hvaða flokkum persónuupplýsinga er unnið, í hvaða tilgangi og á hvaða lagagrundvelli?**

**4.1. Vinnsla okkar á persónuupplýsingum þínum**

**4.1.1. Afhending á Bluelink-þjónustu**

Við söfnum og vinnum úr persónuupplýsingum þínum einungis að því marki sem söfnunin og úrvinnslan er:

- nauðsynleg vegna fullnustu eða framkvæmdar Bluelink-samningsins (b-liður 1. mgr. 6. gr. GDPR-reglugerðarinnar),
- til að uppfylla lagaskyldu (c-liður 1. mgr. 6. gr. GDPR-reglugerðarinnar),
- byggð á samþykki (a-liður 1. mgr. 6. gr. GDPR-reglugerðarinnar), eða
- nauðsynleg vegna lögmætra hagsmunu okkar eða þriðju aðila (f-liður 1. mgr. 6. gr. GDPR-reglugerðarinnar).

Frekari upplýsingar um einstaka þjónustu má finna í viðkomandi þjónustulýsingu í „Notkunarskilmálar – Bluelink-forrit“ fyrir Bluelink.

Öllum (persónu)upplýsingunum sem lýst er í hlutum 4.3, 4.4, 4.5 og undirhlutum þeirra hér á eftir er safnað beint úr bílnum þínum (t.d. skynjurum hans og tengdum forritum sem veittur er aðgangur að gegnum upplýsinga- og afþreyingarkerfið), eða þú veittir aðgang að þeim gegnum forritið (t.d. með því að slá inn tilteknar persónuupplýsingar í forritinu) og unnið er úr þeim í tengslum við þjónustuna.

Gögnin sem lýst er í hlutum 4.3, 4.4 og 4.5 og undirhlutum þeirra hér á eftir eru nauðsynleg til að veita þjónustuna. Án viðkomandi upplýsinga er ekki hægt að veita þjónustuna.

**4.1.2. Vinnsla í öðrum tilgangi**

Auk þess að veita þér þjónustu vinnum við einnig úr persónuupplýsingum í öðrum tilgangi eins og lýst er hér að neðan.

- **Endurbætur/próun á vörum:** Við greinum þjónustuna og bætum hana enn frekar til að þráa nýjar samgöngulausnir og samgöngutengdar vörur og/eða þjónustu, til að vernda vörur okkar og/eða til að bæta þjónustu okkar. Í þessum tilgangi greinum við sjálfkrafa gögnin sem safnað er þegar þjónusta er veitt á grundvelli tölfraði- og reiknilíkana til að greina möguleika á úrbótum. Frekari upplýsingar eru í hluta 4.5.

Lagagrundvöllur fyrir slíkri vinnslu er f-liður 1. mgr. 6. gr. GDPR-reglugerðarinnar (lögmætir hagsmunir Hyundai og dreifingaraðila til að vinna úr persónuupplýsingum þínum til að þráa og bæta þjónustu okkar).

- **Eftirlit með vörum / skaðsemisábyrgð:** Í þessu samhengi vinnum við úr persónuupplýsingum þínum til að hafa eftirlit með vörum okkar, útvega fullnægjandi öryggisstaðla fyrir upplýsingatækni eða til að verja okkur eða þriðju aðila gegn skaðsemisábyrgð og öðrum dómsmálum sem höfðuð eru í tengslum við vörur okkar og þjónustu.

Svo fremi sem slík vinnsla er ekki þegar nauðsynleg til að uppfylla lagaskyldu (c-liður 1. mgr. 6. gr. GDPR-reglugerðarinnar) er lagagrundvöllur síklar vinnslu f-liður 1. mgr. 6. gr. GDPR-reglugerðarinnar (lögmætir hagsmunir Hyundai og dreifingaraðilans til að vinna úr persónuupplýsingum þínum í ofangreindum tilgangi).

- **Annar tilgangur:** Við vinnum einungis úr persónuupplýsingum þínum í öðrum tilgangi ef okkur ber skylda til þess til að uppfylla lagaskyldu (c-liður 1. mgr. 6. gr. GDPR-reglugerðarinnar, til dæmis til að miðla þeim til dómstóla eða saksóknara, til að bjóða upp á tiltekna virkni í bílnum eins og neyðarnúmeraþjónustuna „**eCall**“, á grundvelli reglugerðar (ESB) 2015/758), ef þú hefur gefið samþykki þitt fyrir viðkomandi vinnslu (a-liður 1. mgr. 6. gr. GDPR-reglugerðarinnar) eða ef vinnslan er með öðrum hætti lögmæt samkvæmt gildandi lögum. Ef unnið er úr upplýsingunum í öðrum tilgangi veitir Hyundai og/eða dreifingaraðili þér viðbótarupplýsingar, ef við á.

#### 4.1.3. Engin sjálfvirk ákvarðanataka

Hvorki Hyundai né dreifingaraðili tekur þátt í sjálfvirkri ákvarðanatöku, þ.m.t. gerð persónusniðs, í tengslum við þjónustuna nema þér hafi verið tilkynnt sérstaklega um annað með öðrum hætti.

#### 4.2. Hyundai-reikningur

Hyundai-reikningur er nauðsynlegur til skráningar á ýmiss konar þjónustu (veitt af okkur eða þriðju samstarfsaðilum). Undirliggjandi vinnsla á persónuupplýsingum er nauðsynleg til að gera og framkvæma samning við okkur (b-liður 1. mgr. 6. gr. GDPR-reglugerðarinnar) og til þess að bæta þjónustu okkar við viðskiptavini á grundvelli viðkomandi lögmætra hagsmuna okkar með því að veita þér miðlægan notendareikning (f-liður 1. mgr. 6. gr. GDPR-reglugerðarinnar).

Hyundai-reikningurinn er miðlægur notendareikningur þar sem þú getur haft umsjón með persónulegum aðalgögnum þínum og þú getur notað sem Staka innskráningu fyrir tengda þjónustu þína. Nauðsynlegt er að stofna Hyundai-reikning til að nota Bluelink-þjónustu okkar en einnig geturðu skráð þig inn með núverandi Hyundai-reikningi. Í slíku tilviki er Bluelink-þjónustan tengd Hyundai-reikningi þínum og persónulegum aðalgögnum (netfangi þínu og farsímanúmeri, ávarpi, for- og eftirnaði, landi og því tungumáli sem þú vilt nota) birt.

Frekari upplýsingar má finna í sérstakri persónuverndartilkynningu fyrir Hyundai-reikninginn sem aðgengileg er [hér](#).

#### 4.3. Afhending á Bluelink-þjónustu – upplýsinga- og afþreyingarkerfi bílsins

##### 4.3.1. Hyundai Live

Hyundai Live gerir þér kleift að nota eftirfarandi eiginleika:

- Umferð í rauntíma: Umferðarupplýsingar í rauntíma fyrir útreikning leiða, m.a. nákvæman komutíma, og upplýsingar um umferðarskilyrði miðað við staðsetningu hverju sinni

- Bílastæðaframboð: Bílastæði við götur og annars staðar, áfangastaði í nágrenninu, nálæg kennileiti, nálægur miðbær miðað við staðsetningu hverju sinni
- Eldsneytisstöðvar í rauntíma: Upplýsingar um nálægar eldsneytisstöðvar og eldsneytisverð miðað við staðsetningu hverju sinni
- Áhugaverðir staðir fyrir rafbíla (*aðeins fyrir rafbíla og tengiltvinnbíla*): Upplýsingar um nálægar hleðslustöðvar, þ.m.t. um framboð og hleðslubúnað, miðað við staðsetningu hverju sinni
- Veður: Staðbundnar veðurupplýsingar miðað við staðsetningu hverju sinni
- Þjónusta Hyundai: Upplýsingar um nálæga umboðs- eða þjónustuaðila Hyundai miðað við staðsetningu hverju sinni
- Áhugaverðir staðir í rauntíma og textaleit í rauntíma: Upplýsingar um nálæga áhugaverða staði miðað við staðsetningu hverju sinni
- Upplýsingar um myndavélar/hættusvæði (*ef slíkt er heimilt að lögum í þínu landi*): Kerfið birtir viðvaranir á svæðum þar sem slys eru algeng og varar þig við hættusvæðum eða hraðamyndavélum

Til að geta veitt þér þjónustu Hyundai Live Services þarf að safna og vinna úr verksmiðjunúmeri ökutækis, landfræðilegum gögnum (t.d. GPS-hnitum fyrir „umferðarupplýsingar í rauntíma“), ICCID-númeri SIM-kortsins í bílum og einkvæmu beiðnarkenni fyrir allar færslur. Við vinnum úr persónuupplýsingum í þessum tilgangi til að inna af hendi þjónustu okkar (b-liður 1. mgr. 6. gr. GDPR-reglugerðarinnar).

#### **4.3.2. Raddstýring**

Raddstýring gerir þér kleift að nota raddskipanir til að fá aðgang að og stjórna upplýsinga- og afþreyingarkerfinu og lesa upp og senda textaskilaboð með tengdu fartæki.

Fyrir þessa virkni er unnið úr eftirtöldum flokkum persónuupplýsinga og þær sendar í Bluelink-skýjaumhverfið okkar: Raddupptaka, landfræðileg gögn (GPS-hnit), áhugaverðir staðir og Cerence-notandakenni. Þetta er einkvæmt auðkenni fyrir skráningu á netþjón Cerence B.V., Netherlands, gagnavinnsluaðila okkar fyrir þessa tilteknu þjónustu. Engin tengsl eru á milli Cerence-notandakennisins og verksmiðjunúmers bílsins eða annarra auðkenna sem býðir að Cerence B.V., Netherlands getur ekki boríð kennsl á einstakling út frá þeim gögnum sem það tekur við. Þegar þú gangsetur bílinn virkast raddstýring sem forstilling í nettengdri stillingu bílsins. Við vinnum úr persónuupplýsingum í þessum tilgangi að inna af hendi þjónustu okkar (b-liður 1. mgr. 6. gr. GDPR-reglugerðarinnar).

Við notkun á nettengdri raddstýringu vinnum við úr persónuupplýsingum þínum í Bluelink-skýjaumhverfinu okkar. Auk þess söfnum við raddsýnishornum og GPS-hnitum og vistum þau í allt að 90 daga til að bjóða upp á og bæta raddstýringarþjónustuna. Við vinnum úr persónuupplýsingum í þessum tilgangi til að inna af hendi þjónustu okkar (b-liður 1. mgr. 6. gr. GDPR-reglugerðarinnar) og til þess að bæta þjónustu okkar á grundvelli viðkomandi lögmætra hagsmuna okkar (f-liður 1. mgr. 6. gr. GDPR-reglugerðarinnar). Við notkun á nettengdri raddstýringu vinnur þjónustuveitandi okkar, Cerence B.V., Olympia 2 D, 1213 NT Hilversum, Hollandi (vinnsluaðili gagna), og undirvinnsluaðilar hans, sem kunna að vera staðsettir í löndum utan ESB/EES og kunna því ekki að veita að viðeigandi gagnavernd, úr raddsýnishornunum og GPS-hnitunum.

Þú getur slökkt á nettengdu raddstýringunni og notað raddstýringarþjónustuna í stillingu án nettengingar þar sem engin gögn eru send úr bílnum þínum. Ef þú samþykkir ekki að við vinnum úr raddsýnishornunum þínum og GPS-hnitum geturðu notað raddstýringu án nettengingar, sem notar ekki raddsýnishorn og GPS-hnit til að bæta raddstýringarþjónustuna. Sé þess óskað er hægt að slökkva algjörlega á raddgreiningunni, bæði nettengdri og án nettengingar. Í upplýsinga- og afþreyingarkerfi bílsins má sjá þær stillingar og valkostí sem um ræðir hverju sinni.

#### 4.3.3. Bilanagreining bíls

Bilanagreining bílsins safnar saman virkum bilanakóðum (þ.e. villuboðum bílsins) úr öllum stjórntölvueiningum sem eru innbyggðar í bílinn ásamt verksmiðjunúmeri. Virku bilanakóðarnir og verksmiðjunúmer bílsins verða send á netþjóninn okkar til frekari greiningar. Í hlutanum fyrir bilanagreiningu bíls í upplýsinga- og afþreyingarkerfinu geturðu séð alla virka bilanakóða fyrir bílinn. Við notum þessi gögn til að veita þér upplýsingar um hvort einhver vandamál séu með bílinn. Við vinnum úr persónuupplýsingum fyrir bilanagreiningu bíls til að inna af hendi þjónustu okkar (b-liður 1. mgr. 6. gr. GDPR-reglugerðarinnar).

Að því marki sem Hyundai BL ehf. eða Hyundai ber að gera það lögum samkvæmt vinnum við úr áðurnefndum persónuupplýsingum til að hafa eftirlit með vörunum og til að uppfylla kröfur um öryggi vöru (c-liður 1. mgr. 6. gr. GDPR-reglugerðarinnar). Upplýsingar um úrvinnslu áðurnefndra gagna til þess að bæta og þráða vörur má einnig finna í hluta 4.5 hér að neðan.

#### 4.3.4. Tengt leiðaval

Með tengdu leiðavali fást nákvæmari útreikningar á umferðarspá, nákvæmari komutímar og áreiðanlegri endurútreikningur leiða með því að vinna úr viðkomandi gögnum í Bluelink-skýjaumhverfinu en ekki bara í upplýsinga- og afþreyingarkerfi bílsins.

Fyrir bessa virkni er unnið úr eftirtöldum flokkum persónuupplýsinga og bær sendar í Bluelink-skýjaumhverfið okkar: Verksmiðjunúmer ökutækis, landfræðileg gögn (GPS-hnit) og leiðsagnargögn (t.d. rauntímaumferð og umferðarupplýsingamynstur).

Við vinnum úr persónuupplýsingum í þessum tilgangi til að inna af hendi þjónustu okkar (b-liður 1. mgr. 6. gr. GDPR-reglugerðarinnar).

#### 4.3.5. Notandaprófill Bluelink

Notandaprófill Bluelink gerir þér kleift að vista ýmsar stillingar bílsins í Bluelink-skýjaumhverfi okkar og nota þær fyrir ólíka bíla. Ef tveir eða fleiri ökumenn nota sama bíl en vilja hafa mismunandi stillingar (t.d. fyrir stillingu sætis, hljóð eða kortayfirlit) er hægt að vista stillingar hvers sérstaklega í allt að tveimur notandaprófílum og einum gestaprófil í hverjum bíl.

Fyrir hvern notandaprófil er unnið úr eftirtöldum flokkum persónuupplýsinga og bær sendar í Bluelink-skýjaumhverfið okkar: Verksmiðjunúmer bílsins þíns og viðtökubílsins (ef við á), númer ökumanns, reikningsnúmer, símanúmer, notandamynd, notandagögn og símatenging, Bluetooth-stillingar, dagsetningar- og tímastillingar, almennar stillingar, hljóðstillingar, skjástillingar, raddstýringarstillingar, útvarpsstillingar, stillingar bílsins, leiðsagnarstillingar og áhugaverðir staðir.

Við vinnum úr persónuupplýsingum í þessum tilgangi til að inna af hendi þjónustu okkar (b-liður 1. mgr. 6. gr. GDPR-reglugerðarinnar).

#### **4.3.6. Tilkynningamiðstöð**

Við getum sent þér mikilvægar upplýsingar um bílinn í gegnum tilkynningamiðstöðina. Við munum aðeins nota þessa þjónustu fyrir mikilvægar upplýsingar. Upplýsingarnar birtast sem sprettigluggi í upplýsinga- og afþreyingarkerfi bílsins. Þú getur slökkt á móttöku tiltekinna upplýsinga í stillingunum eða þegar sprettigluggi birtist.

Fyrir þessa virkni er unnið úr eftirtöldum flokkum persónuupplýsinga: staða lesturs, tími lesturs.

Við vinnum úr persónuupplýsingum í þessum tilgangi til að inna af hendi þjónustu okkar (b-liður 1. mgr. 6. gr. GDPR-reglugerðarinnar).

#### **4.3.7. Dagatal**

Með dagatalinu getur þú samstillt Google- eða Apple-dagatalið í snjallsímanum þínum við innbyggða dagatalseiginleikann í upplýsinga- og afþreyingarkerfi bílsins svo þú getir notað það til að stilla áfangastað í leiðsögukerfinu.

Fyrir þessa virkni er unnið úr eftirtöldum flokkum persónuupplýsinga og þær sendar í Bluelink-skýjaumhverfið okkar: netfang, kenni dagatals, símanúmer, Google-lykill/iCloud-aðgangsorð og dagbókarfærslur (t.d. heiti áætlunar, dagsetning/tími, heimilisfang, minnismiði, mæting o.s.frv.).

Við vinnum úr persónuupplýsingum í þessum tilgangi til að inna af hendi þjónustu okkar (b-liður 1. mgr. 6. gr. GDPR-reglugerðarinnar).

#### **4.4. Afhending á Bluelink-þjónustu – forrit**

##### **4.4.1. Fjartengd þjónusta**

Í forritinu bjóðum við upp á eftirfarandi fjartengda þjónustu. Hún verður virkjuð sem forstilling ef hver þjónusta er ekki gerð óvirk eða þær allar í einu:

- a) Fjarstyrð læsing/opnun (þú getur læst og opnað hurðir bílsins; *allir Hyundai-bílar*)
- b) Fjarstyrð opnun og lokun glugga (þú getur opnað og lokað gluggum bílsins með snjallsíma, *ekki í boði fyrir alla Hyundai-bíla*)
- c) Fjarstyrð hleðsla (þú getur virkjað hleðsluaðgerð rafhlöðunnar með fjarstýringu; *allir raf- og tengiltvinnbílar frá Hyundai*)
- d) Áætluð hleðsla (þú getur stillt hleðsluáætlun rafhlöðunnar með fjarstýringu (*allir raf- og tengiltvinnbílar frá Hyundai*), þ.m.t. markhitastig við hleðslu; *allir Hyundai-rafbílar*)
- e) Fjarstyrð hita- og loftstýring (þú getur stillt hitastig og kveikt á loftkælingunni með fjarstýringu; *allir Hyundai-rafbílar*)
- f) Finna bílinn minn (þú getur staðsett bílastæði Hyundai-bíls á innbyggðu korti; *allir Hyundai-bílar*)
- g) Senda í bíl (þú getur leitað á netinu að áhugaverðum stöðum og upplýsingum um heimilisfang til að senda leitarniðurstöður úr snjallsímaforritinu í upplýsinga- og afþreyingarkerfi bílsins)
- h) Kennileiti í bílnum (samstillir vistaða áhugaverða staði á milli upplýsinga- og afþreyingarkerfisins og forritsins; *allir Hyundai-bílar*)

- i) Leiðsögn á leiðarenda (sendir núverandi staðsetningu bílsins og upplýsingar um áfangastað (t.d. heiti, heimilisfang, landfræðilegar upplýsingar) í snjallsímann til að vísa þér veginn frá bílastæðinu að áfangastaðnum með Google-kortum eða auknum veruleika; *allir Hyundai-bílar*)
- j) Bílastæðaþjónustustilling (verndar upplýsingarnar þínar í upplýsinga- og afþreyingarkerfinu með því að sýna aðeins bílastæðaþjónustuskjáinn í upplýsinga- og afþreyingarkerfinu nema þú sláir inn aðgangsorðið sem þú hefur valið; sendir upplýsingar um hvort kveikt eða slökkt sé á bílastæðaþjónustustillingunni, núverandi staðsetningu bílsins (GPS-hnit), upphafs- og lokatíma bílastæðaþjónustustillingarinnar, keyrslu/kílómetrastöðu/vélargangtíma bílastæðaþjónustustillingarinnar, hámarkshraða bílsins, keyrsluvegalengd bílsins og lausagang vélar í snjallsímann; *allir Hyundai-bílar*)
- k) Hleðsla rafhlöðu (sýnir þér hleðslustöðu rafhlöðu rafmótorsins; *allir raf- og tengiltvinnbílar frá Hyundai*)
- l) Vöktunartilkynningar við sérstök tilvik (forritið sendir vöktunartilkynningar í snjallsímann í sérstökum tilvikum, til dæmis ef Hyundai-bíllinn er ólæstur og þjófavörnin í bílum fer af stað, gluggar bílsins eru opnir, viðvörun fyrir aftursæti er ræst, viðvörun um lausagang vélar er ræst, viðvörun um afhleðslu háspennurafhlöðu er ræst, ef kveikt eða slökkt er á bílastæðaþjónustustillingu o.s.frv.; *allir Hyundai-bílar*)

Þú getur slökkt á allri fjartengdri þjónustu, hverri fyrir sig.

Til að bjóða þér upp á fjartengdu þjónustuna þegar búið er að tengjast gegnum forritið verður komið á tengingu milli bílsins og Bluelink-skýjaumhverfis okkar, sem krefst vinnslu á tilteknun gögnum um bílinn, svo sem IP-tölu SIM-kortsins í bílum, verksmiðjunúmeri og frekari gögnum sem tengjast notanda forritsins (svo sem IP-tölu tækis þíns, PIN-númeri og frekari reikningsupplýsingum notanda, svo sem notandanafni þínu).

Fjartengd þjónusta krefst bess að tilteknun gögnum um bílinn sé safnað og unnið úr þeim, m.a. aðgangsorði, verksmiðjunúmeri bílsins og landfræðilegum gögnum (t.d. GPS-hnitum fyrir „*Finna bíllinn minn*“), ICCID-kenni SIM-korts bílsins, upplýsingum um heimilisföng og tæknilegum gögnum um bílinn (t.d. upplýsingum um stöðu bílsins svo sem hvort kveikt eða slökkt sé á svissinum, hraða bílsins, ljósastöðu, læsingarstöðu).

Við vinnum úr persónuupplýsingum í þessum tilgangi til að inna af hendi þjónustu okkar (blíður 1. mgr. 6. gr. GDPR-reglugerðarinnar).

#### 4.4.2. Upplýsingar um bíl í gegnum Bluelink

Í forritinu bjóðum við upp á eftirfarandi upplýsingar um bílinn:

- a) Skýrsla um bílinn (veitir þér upplýsingar um notkun á Hyundai-bílum og greiningu á t.d. loftpúða, bremsum og þrýstingi í hjólbörðum o.s.frv. (sjá hluta 4.3.3); *allir Hyundai-bílar*)
- b) Stöðuuppfærsla (veitir þér upplýsingar um stöðu Hyundai-bílsins hvað varðar fjarlægð þar til eldsneyti tæmist, eldsneytisstöðu, hvort kveikt eða slökkt sé á vélinni, læsingu hurða, hvort kveikt eða slökkt sé á loftkælingu, hvort afturhleri sé opinn eða lokaður, hvort húddið sé opið eða lokað, hvort gluggar séu opnir eða lokaðir, rafgeymi (*allir Hyundai-bílar*); stöðu háspennurafhlöðu, hleðslustöðu rafhlöðu (*allir raf- og tengiltvinnbílar frá Hyundai*))
- c) Ferðirnar mínar (veitir þér upplýsingar um notkun á Hyundai-bílum á dag/mánuði, m.a. aksturstíma, kílómetrastöðu, meðalhraða bílsins, hámarkshraða bílsins; *allir Hyundai-bílar*)

Til að bjóða upp á upplýsingar um bílinn þegar búið er að tengjast gegnum forritið verður komið á tengingu milli bílsins og Bluelink-skýjaumhverfis okkar sem krefst vinnslu á tilteknun

gögnum um bílinn, svo sem IP-tölu SIM-kortsins í bílum, verksmiðjunúmeri og frekari gögnum sem tengast notanda forritsins (svo sem IP-tölu tækis þíns, PIN-númeri og frekari reikningsupplýsingum notanda, svo sem notandanafni þínu).

Til bess að hægt sé að veita upplýsingar um bílinn þarf að safna og vinna úr tilteknunum gögnum um bílinn (t.d. aksturstíma, kílómetrastöðu, meðalhraða bílsins, hámarkshraða bílsins) og tæknilegum gögnum um bílinn (t.d. gögnum um stöðu bílsins, hvort kveikt eða slökkt sé á vélinni, læsingu hurða o.s.frv. eins og nánar er greint frá hér að ofan).

Við vinnum úr persónuupplýsingum í þessum tilgangi til að inna af hendi þjónustu okkar (b-liður 1. mgr. 6. gr. GDPR-reglugerðarinnar).

#### 4.4.3. Samnýting bíls

Þú getur deilt fjiartengdu þjónustunni með öðrum notendum í gegnum eiginleikann „Request to Share Car“ (biðja um að bíl sé deilt) í forritinu.

Þegar þú gerir það vinnum við úr tilteknunum gögnum um bílinn og notandareikninginn, svo sem PIN-númeri, verksmiðjunúmeri, notandanafni þínu og símanúmeri hins notandans, til að afgreiða og vinna úr samnýtingarbeïðni þinni. Upplýsingar um samnýtingarbeïðni, svo sem nafn þitt og PIN-númer, verða sendar til og unnið úr þeim í forriti hins notandans. Hinn notandinn getur notað forritið á sama hátt og þú. Viðkomandi getur einnig notað „Finna bílinn minn“.

Við vinnum úr persónuupplýsingum þínnum til að samnýta fjiartengda þjónustu til að inna af hendi þjónustu okkar (b-liður 1. mgr. 6. gr. GDPR-reglugerðarinnar) og í þeim lögmætum tilgangi okkar að veita þjónustuna (f-liður 1. mgr. 6. gr. GDPR-reglugerðarinnar).

**Athugaðu** að þegar þú notar þessa þjónustu muntu deila öllum persónuupplýsingum þínnum, að undanskildum innskráningarupplýsingum þínnum, sem eru geymdar í forritinu með hinum notendum. Þú getur slökkt á þessari stillingu hvenær sem er. Þegar það er gert hættum við að deila gögnum og eyðum öllum samnýttum gögnum í forriti hins notandans.

#### 4.4.4. Önnur staðsetningaráþjónusta

- Skoða fyrri ferðir;
- Senda áfangastað í bílinn fyrir ferð og bæta stað við áætlaða ferð;
- Finna uppáhaldsstaði og nýlega áhugaverða staði;
- Deila áhugaverðum stöðum.

Til að afhenda þessa fjiartengdu þjónustu þarf að safna og vinna úr tilteknunum gögnum um bílinn, svo sem landfræðilegi staðsetningu bílsins (GPS-hnit).

Við vinnum úr persónuupplýsingum til að veita þér aðra staðsetningaráþjónustu í því skyni að inna af hendi þjónustu okkar (b-liður 1. mgr. 6. gr. GDPR-reglugerðarinnar).

#### 4.4.5. Notandaprófill Bluelink

Notandaprófill Bluelink gerir þér kleift að vista ýmsar stillingar bílsins í Bluelink-skýjaumhverfi okkar og nota þær fyrir ólíka bíla. Ef tveir eða fleiri ökumenn nota sama bíl en vilja hafa mismunandi stillingar (t.d. fyrir stillingu sætis, hljóð eða kortayfirlit) er hægt að vista stillingar hvers sérstaklega í allt að tveimur notandaprófílum og einum gestaprófil í hverjum bíl.

Fyrir hvern notandaprófil er unnið úr eftirtöldum flokkum persónuupplýsinga og þær sendar í Bluelink-skýjaumhverfið okkar: Verksmiðjunúmer bílsins þíns og viðtökubílsins (ef við á),

númer ökumanns, reikningsnúmer, símanúmer, notandamynd, notandagögn og símatenging, Bluetooth-stillingar, dagsetningar- og tímastillingar, almennar stillingar, hljóðstillingar, skjástillingar, raddstýringarstillingar, útvartsstillingar, stillingar bílsins, leiðsagnarstillingar og áhugaverðir staðir.

Við vinnum úr persónuupplýsingum í þessum tilgangi til að inna af hendi þjónustu okkar (b-liður 1. mgr. 6. gr. GDPR-reglugerðarinnar).

#### **4.4.6. Notkun á Touch ID og Face ID (iOS) eða fingrafars og andlitsgreiningar (Android)**

Þú getur notað ákveðnar aðgerðir apps okkar með Touch ID eða Face ID (iOS) eða fingrafars og andlitsgreiningar (Android) í stað PIN-númera.

Lífkennisgögn þín eru aðeins vistuð staðbundið í snjalltæki þínu og eru ekki flutt til okkar og við höfum engan aðgang að þessum gögnum. Aðeins upplýsingar um hvort staðfesting á lífkennisgögnum hafi tekist eru fluttar í appið okkar með kerfisaðgerð snjallsíma þíns.

Þú getur slökkt á notkun Touch ID eða Face ID (iOS) eða fingrafars og andlitsgreiningar (Android) hvenær sem er í appinu.

### **4.5. Endurbætur og þróun á vörum**

Hyundai safnar og vinnur úr fjarvirknigögnum um afköst, notkun, starfsemi og ástand bílsins frá bílum og/eða forritinu þínu til að bæta og þráa vörur sínar og flytur þessi gögn til Hyundai BL ehf. svo viðkomandi geti einnig unnið úr gögnunum í þessum tilgangi.

Gögnin sem eru notuð í þessum tilgangi takmarkast við tækniupplýsingar sem gera viðkomandi starfsfólki ekki kleift að bera kennsl á einstaklinga. Gögnin sem notuð eru til að bæta og þráa til dæmis afþrásina, hybrid-/rafbíla og aðra eiginleika bíla fela m.a. í sér ABS-kerfi, stöðu ABS-kerfis, upplýsingar um stýri, handbremsu, spólvarnarkerfi, upplýsingar um mælaborð, spennu, hröðun, ástand rafgeymis, læsingu hurða með lykli, aðalljósker, stefnuljós, ljósakerfi, handfrjálst farangursgeymslukerfi, sætishæð, sóllúgu, rúðuþurrku, hvort kveikt eða slökkt er á leiðsögn og svipaðar tækniupplýsingar og bilanakóða eins og getið er um í hluta 4.3.3.

Lagagrundvöllur vinnslu persónuupplýsinga þinna á þessum grundvelli er lögmætir hagsmunir sem felast í því að bæta þjónustuna og þráa nýjar vörur og þjónustu (f-liður 1. mgr. 6. gr. GDPR-reglugerðarinnar; t.d. til að bera kennsl á tæknilegar bilanir, greina afköst bíla eða bjóða upp á bættar vörur eða þjónustu við viðskiptavini).

Auk þess kunna áðurnefndar persónuupplýsingar að vera gerðar nafnlausar svo við getum framkvæmt eigin greiningu til að bæta og þráa vörurnar.

### **5. Hvað gildir um gögn annarra skráðra aðila og sölu og framsal bílsins til þriðju aðila?**

Ef þú leigir öðrum einstaklingi bílinn eða þegar gögnum annarra skráðra einstaklinga (svo sem annars ökumanns) gæti verið safnað við notkun þjónustunnar verður þú að tryggja að skráðu einstaklingarnir fái fullnægjandi upplýsingar um gagnavinnsluna eins og lýst er hér.

Ef um er að ræða sölu eða varanlegan flutning bílsins til þriðja aðila þarf að tryggja að ekki sé hægt að fá aðgang að neinum persónuupplýsingum í gegnum upplýsinga- og afþreyingarkerfið (t.d. með því að eyða akstursferðum eða áfangastöðum í stillingunum).

Þú getur aftengt bílinn frá Bluelink-forriti (hvort sem það er þitt eigið eða forrit annars aðila) með því að slökkva á Hyundai Bluelink í upplýsinga- og afþreyingarkerfinu. Þegar Hyundai Bluelink er gert óvirkt í upplýsinga- og afþreyingarkerfinu eru akstursgögnin þín ekki lengur aðgengileg í forritinu og bíllinn er aftengdur frá forritinu. Ef þú aftengir ekki bíllinn gætu gögnin áfram verið aðgengileg í forritinu. Reikningsgögnunum þínum verður ekki eytt úr forritinu fyrr en þú eyðir reikningnum þínum.

## 6. Hverjir fá aðgang að persónuupplýsingunum mínum?

Þar sem Hyundai BL ehf. og Hyundai gegna hlutverki sameiginlegs ábyrgðaraðila við afhendingu þjónustu fá báðir aðilar persónuupplýsingar þínar í hendur. Aðgangur að persónuupplýsingum þínum hjá Hyundai og dreifingaraðila er takmarkaður við einstaklinga sem þurfa á honum að halda til að uppfylla kröfur starfs síns.

Persónuupplýsingar þínar kunna að vera fluttar í viðeigandi tilgangi til viðtakenda og flokka viðtakenda sem taldir eru upp hér á eftir og eru unnar hjá þessum sömu viðtakendum í viðeigandi tilgangi:

- Hyundai – Hyundai fær persónuupplýsingar þínar í samræmi við hlutverk sitt sem tækniveita og rekstraraðili þjónustunnar og mun senda ákveðin gögn til to Hyundai BL ehf. eins og lýst er hér að ofan (t.d. í vörurþróunarskyni).
- Briðju aðilar – Við sendum persónuupplýsingarnar þínar til tiltekinna einkaaðila sem aðstoða okkur við að bjóða upp á þjónustuna. Við reiðum okkur til dæmis á fjarskiptaþjónustu frá fjarskiptaveitum.
- Gagnavinnsluaðilar – Við sendum persónuupplýsingar þínar til tiltekinna briðju aðila, tengdra eða ótengdra, til vinnslu fyrir hönd Hyundai, með viðeigandi leiðbeiningum, eftir þörfum, fyrir tilgang viðkomandi vinnslu. Gagnavinnsluaðilar vinna samkvæmt samningsbundnum skyldum við að innleiða viðeigandi tæknilegar og skipulagstengdar öryggisráðstafanir til að verja persónuupplýsingar og til að vinna persónuupplýsingar þínar aðeins eftir fyrirmælum.
  - Gagnavinnsluaðili fyrir Bluelink er Hyundai Autoever Europe, Kaiserleistraße 8A, 63067 Offenbach am Main, Þýskalandi.
  - Fyrir Hyundai Live og fjartengdu þjónustuna „Finna bíllinn minn“ eru vinnsluaðilar gagna: Hyundai MnSOFT, 74, Wonhyoro, Yongsan-gu, Seoul, Suður-Kóreu (t.d. fyrir rekstur viðeigandi forrita); Hyundai Autoever Europe, Kaiserleistraße 8A, 63067 Offenbach am Main, Þýskalandi (t.d. fyrir hýsingu og þjónustu).
  - Fyrir raddstýringu eru vinnsluaðilar gagna: Cerence B.V. Netherlands, Olympia 2 D, 1213 NT Hilversum, Hollandi; Hyundai MnSOFT, 74, Wonhyoro, Yongsan-gu, Seoul, Suður-Kóreu (t.d. fyrir rekstur viðeigandi forrita); Hyundai Autoever Europe, Kaiserleistraße 8A, 63067 Offenbach am Main, Þýskalandi (t.d. fyrir þjónustu).
  - Gagnavinnsluaðilar fyrir þjónustu frá þjónustuveri eru hlutdeildarfélög Hyundai, sem öll eru staðsett í ESB/EES.

Þessir gagnavinnsluaðilar kunna einnig að nota undirvinnsluaðila til að veita viðkomandi þjónustu. Hér má finna lista yfir núverandi undirvinnsluaðila.

- Opinber yfirvöld, dómstólar, utanaðkomandi ráðgjafar og samsvarandi þriðju aðilar sem eru opinberir aðilar eins og farið er fram á eða leyft í gildandi lögum.

## 7. Eru gögnin flutt úr landi?

Einhverjir viðtakendur persónuupplýsinga þinna eru staðsettir eða kunna að hafa viðkomandi rekstur utan þíns lands og Evrópusambandsins/Evrópska efnahagssvæðisins, svo sem í Suður-Kóreu eða Bandaríkjunum (t.d. undirvinnsluaðilar Cerence), þar sem gagnaverndarlög kunna að veita annars konar vörn í samanburði við löggjöt í þínu lögsagnarumdæmi og þar sem ekki er að finna samsvarandi umsagnaraðila og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins.

Við gagnaflutning til slíkra viðtakenda utan Evrópusambandsins/Evrópska efnahagssvæðisins grípum við til viðeigandi öryggisráðstafana, og þá sérstaklega, með gagnaflutningssamningum frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins sem innihalda stöðluð ákvæði (t.d. föst samningsákvæði (2010/87/ESB og/eða 2004/915/EB)) við viðtakendur eða með því að grípa til annarra ráðstafana til að veita viðeigandi gagnavernd. Afrit af þeim ráðstöfunum sem við höfum gripið til er hægt að fá hjá gagnaverndarfulltrúa Hyundai (sjá hluta 3.2 hér að ofan).

## 8. Hve lengi verða persónuupplýsingarnar varðveisittar?

- 8.1. Persónuupplýsingar þínar eru geymdar hjá Hyundai og/eða þjónustuveitendum okkar, eingöngu upp að því marki sem nauðsynlegt er fyrir framkvæmd skyldna okkar og eingöngu í þann tíma sem nauðsynlegur er til að uppfylla þann tilgang sem persónuupplýsingar eru geymdar í, í samræmi við gildandi gagnaverndarlög. Persónuupplýsingar þínar eru ekki undir neinum kringumstæðum geymdar eftir að reikningi þínum er lokað. Þegar Hyundai þarf ekki lengur að vinna persónuupplýsingarnar þínar munum við eyða þeim úr kerfum okkar og/eða skrám og/eða grípa til aðgerða til að gera þær ópersónugreinanlegar (nema okkur sé skyld að geyma upplýsingarnar þínar til að uppfylla lagalegar skyldur eða reglugerðir sem gilda um Hyundai; t.d. geta persónuupplýsingar í samningum, samskiptum og viðskiptabréfum fallið undir lögbundna geymsluskyldu, sem getur verið geymsla í allt að 10 ár).
- 8.2. Tiltekin geymslutímabil gilda fyrir eftirfarandi atriði:
  - Raddstýring: Raddsýnishorn og GPS-hnit (sjá hluta 4.3.2 hér að ofan) eru geymd í allt að 90 daga
  - Hyundai Live: landfræðileg gögn (GPS-hnit) og þjónustukenni (sjá hluta 4.3.1 hér að ofan) eru geymd í allt að 93 daga.
- 8.3. Lokun reiknings: Ef þú velur að loka reikningnum þínum (t.d. með því að stilla viðkomandi val í upplýsinga- og afþreyingarkerfi bílsins eða í valmynd forritsins undir „Reikningurinn minn“) verður öllum persónuupplýsingum sem tengjast reikningnum þínum eytt nema varðveislutímabil gildi (sjá hluta 8.1 hér að ofan).
- 8.4. Endurstilling reiknings: Hægt er að endurstilla reikninginn með því að stilla viðkomandi val (t.d. í upplýsinga- og afþreyingarkerfi bílsins). Þegar reikningurinn er endurstiltur ertu skráð(ur) út af Hyundai Bluelink og þarf að skrá þig upp á nýtt eða skrá þig inn með öðrum innskráningarupplýsingum ef þú ætlar að nota Hyundai Bluelink.

## 9. Hvaða réttindi hef ég og hvernig get ég nýtt þau?

Ef þú hefur veitt samþykki fyrir vinnslu persónuupplýsinga geturðu afturkallað samþykki þitt hvenær sem er og gildir það frá þeim tíma sem það er afturkallað. Slík afturköllun hefur ekki áhrif á lögmætti vinnslunnar fram að afturköllun þinni.

Þú hefur eftirfarandi réttindi hvað varðar vinnslu persónuupplýsinga samkvæmt gildandi lögum um gagnavernd. Athugaðu að þessi réttindi kunna að vera takmörkuð samkvæmt gildandi landslögum um gagnavernd.

- 9.1. Réttur til aðgangs:** Þú hefur rétt til að fá staðfestingu á því frá okkur hvort verið sé að vinna persónuupplýsingar er varða þig og, ef svo er, rétt til að biðja um aðgang að persónuupplýsingunum. Aðgangur að upplýsingum felur í sér – meðal annars – tilgang vinnslunnar, flokka persónuupplýsinganna þinna og viðtakendur eða flokka viðtakenda persónuupplýsinganna. Þetta er hins vegar ekki ófrávíkjanlegur réttur og hagsmunir annarra einstaklinga kunna að takmarka rétt þinn til aðgangs.

Þú hefur einnig rétt á að fá afrit af persónuupplýsingunum um þig sem eru í vinnslu. Okkur er heimilt að innheimta sanngjarnit gjald, byggt á umsýslukostnaði, farir þú fram á fleiri eintök.

- 9.2. Réttur til leiðréttингar:** Þú átt rétt á að fá óáreiðanlegar persónuupplýsingar er varða þig leiðréttar af okkur. Með hliðsjón af tilganginum með vinnslunni átt þú rétt á að láta fullgera ófullkomnar persónuupplýsingar, þ.m.t. með því að leggja fram yfirlýsingu til viðbótar.

- 9.3. Réttur til eyðingar („réttur til að gleymast“):** Við tilteknar aðstæður hefur þú rétt á að við eyðum persónuupplýsingum sem varða þig og okkur kann að vera skyld að eyða persónuupplýsingum þínum.

- 9.4. Réttur til takmörkunar á vinnslu:** Í tilteknum tilvikum átt þú rétt á að við takmörkum vinnslu persónuupplýsinga þinna. Í þessu tilviki verða viðkomandi gögn merkt og við megum aðeins vinna úr þeim í tilteknum tilgangi.

- 9.5. Réttur til að flytja eigin gögn:** Við tilteknar aðstæður kannt þú að hafa rétt til að fá sendar persónuupplýsingar um þig, sem þú hefur sent okkur, á skipulegu, algengu, tölvulesanlegu sniði og þú átt rétt á að senda þessar upplýsingar, eða láta okkur senda þær beint, til annars aðila, án hindrana af okkar hálfu.

- 9.6. Andmælaréttur:** Við ákveðnar kringumstæður og á grundvelli aðstæðna þinna hefur þú rétt á að mótmæla úrvinnslu okkar á persónuupplýsingum þínum og hægt er að fara fram á að við hættum úrvinnslu persónuupplýsinga þinna. Ef persónuupplýsingar þínar eru unnar í þágu beinnar markaðssetningar, átt þú hvenær sem er rétt á að andmæla vinnslu persónuupplýsinga sem varða þig vegna slíkrar markaðssetningar, þ.m.t. gerð persónusniðs að því marki sem það tengist slíkri beinni markaðssetningu. Í þessu tilviki verða persónuupplýsingar þínar ekki lengur unnar af okkur í þessum tilgangi.

- 9.7. [ Réttur til að gera ráðstafanir varðandi geymslu og miðlun gagna eftir andlát manns:** Þú hefur rétt til að gera sérstakar ráðstafanir varðandi geymslu og miðlun persónuupplýsinga þinna eftir andlát þitt og við munum fylgja þeim ráðstöfunum. Þú getur einnig gert almennar ráðstafanir með briðja aðila, sem mun láta okkur vita um fyrirmæli þín innan hæfilegs tíma.]

- 9.8. Réttur til að leggja fram kvörtun:** Þú hefur einnig rétt til að leggja fram kvörtun hjá lögbæru eftirlitsyfirvaldi með gagnavernd, til dæmis í upprunalandi þínu.

**10. Er mér skyldt að veita upplýsingar?**

Þér ber engin lög- eða samningsbundin skylda til að veita okkur persónuupplýsingar. Það er heldur ekki nauðsynlegt að veita persónuupplýsingar til að gera samning. Ef þú veitir ekki persónuupplýsingar er þó mögulegt að þú hafir takmörkuð not af þjónustu okkar.

**11. Get ég slökkt á nettengdri stillingu (stilling án nettengingar; slökkt á mótaði)?**

Þú getur valið að slökkva á nettengdri stillingu með því að stilla viðkomandi val. Ef slökkt er á nettengdri stillingu (stilling án nettengingar) eru allar aðgerðir í Bluelink gerðar óvirkar og engum persónuupplýsingum, og einkum engum gögnum um landfræðilega staðsetningu (GPS-hnitum), er safnað fyrir Bluelink og tákni fyrir stillingu án nettengingar birtist efst á skjá upplýsinga- og afþreyingarkerfisins í bílnum.

**12. Hvernig er hægt að breyta þessari persónuverndaryfirlýsingu?**

Í framtíðinni kunnum við öðru hvoru að breyta og/eða bæta við þessa persónuverndaryfirlýsingu. Slíkar breytingar og/eða viðbætur geta verið nauðsynlegar, einkum vegna innleiðingar nýrrar tækni eða nýrrar þjónustu. Við birtum breytingarnar á vefsvæðum okkar og/eða í upplýsinga- og afþreyingarkerfi bílsins og í forritinu.